

# Smáorð

Til smáorða teljast þau orð sem hvorki fallbeygjast né tíðbeygjast. Smáorðin skiptast í þessa flokka: upphrópanir, nafnháttarmerki, samtengingar, forsetningar, atviksorð.

## Upphrópanir (uh.)

Upphrópun nefnist smáorð sem kallað er upp, sjálfrátt eða ósjálfrátt og lýsir t.d. undrun, gleði, sorg.

Dæmi: **hæ, hó, æ, ó, ú, uss, já, nei, jú.**

Upphrópanir jafngilda oft heilum setningum og geta stundum orðið að nafnorði. Nafnorð sem verður til úr upphrópun bætir við sig greini eins og önnur nafnorð. Dæmi: Hörður er ekki spar á neiin.

## Nafnháttarmerki (nhm.)

Nafnháttarmerkið er aðeins eitt orð, **að**, á undan sögn í nafnhætti. Nafn-háttarmerkið er því auðþekkt. Dæmi: **að** sofa, **að** tala, **að** syngja.

Þess ber að geta að orðið að getur einnig tilheyrt öðrum orðflokkum. Orðið að getur líka verið forsetning, atviksorð og samtenging.

Sagnir í nafnhætti geta einnig staðið án nafnháttarmerkis.

## Samtengingar (st.)

Samtengingar eru smáorð sem tengja saman einstök orð eða orðasambönd.

Dæmi: Egill **og** Pétur eru vinir. Pétur fer **þegar** tíminn er búinn. Er þetta Pétur **eða** Egill?

Samtengingar eru ýmist eitt orð eða fleiri. Dæmi: Penninn er ónýtur **svo að** ég verð að kaupa nýjan.

Samtengingar skiptast í tvo aðalflokka: **Aðaltengingar** og **aukatengingar**.

**Aðaltengingar** eru: **og, en, eða, ellegar, heldur, enda.**

Þær tengja saman einstök orð og aðalsetningar.

Einnig eru til svokallaðar fleygaðar samtengingar en þær eru líka aðaltengingar: **bæði–og, hvorki–né, annaðhvort–eða, ýmist–eða, hvort–eða.**

**Aukatengingar** eru: **að, af því að, því að, vegna þess að, þar sem, ef, nema, þó að, þótt, til þess að, þegar, áður en, meðan, uns, er, þangað til að, hvort, hvort sem, o.fl.**

Mörg orð geta eftir stöðu sinni og merkingu ýmist tilheyrt samtengingum eða öðrum orðflokkum. Oft verður að ráða af orðasambandinu um hvaða orðflokk er að ræða. Þannig er það með orðið að, það getur verið *nafnháttarmerki, forsetning, atviksorð* og *samtenging*. Ef það er á eftir sögn er oftast um samtengingu að ræða. Dæmi: Egill sagði **að** Pétur væri farinn.

Nokkur orð, sem stundum eru samtengingar, geta einnig tilheyrt öðrum orðflokkum, svo sem atviksorðum, fornöfnum o.fl.

Dæmi:

**Er** er samtenging þegar hægt er að setja **þegar** í staðinn.

**Þegar** er samtenging þegar hægt er að setja **er** í staðinn.

**Sem** er samtenging þegar hægt er að setja **eins og** í staðinn.

**Síðan** er samtenging þegar hægt er að setja **frá því að** eða **eftir að** í staðinn.

**Fyrst** er samtenging ef hægt er að setja **úr því að** í staðinn.

**Áður en** er alltaf samtenging en orðið **áður** yfirleitt atviksorð.

Margir ruglast á samtengingunni **hvort** og hvorugkyni af fornafninu **hvor**, einnig á samtengingunum **bæði-og, annaðhvort-eða, hvort-eða** og **fornöfnum**. Oftast er hægt að sjá það á merkingunni um hvorn orðflokkinn er að ræða. Ef um fornafn er að ræða er hægt að breyta um kyn orðsins, setja t.d. kvenkyn í staðinn fyrir karlkyn.

## **Forsetningar (fs.)**

Forsetningar eru smáorð sem stýra föllum. Með forsetningum standa ávallt fallorð í **aukafalli** og forsetningin stýrir fallinu. Dæmi: Helga talaði **um** bílinn.

Augljóst er að bíllinn er fallorð í þolfalli. Um er hins vegar óbeygjanlegt orð sem stýrir fallinu á bílinn. **Um** er þess vegna forsetning.

Forsetningar eru eins smáorðin sem stýra föllum ef frá eru talin nokkur atviksorð. Við segjum að forsetningar stýri falli vegna þess að þær beina fallorðunum inn í ákveðin föll. Þannig notum við alltaf forsetningar til að finna aukaföllin. Við notum **um** til að finna þolfall, **frá** til að finna þágufall og **til** þegar við ætlum að finna eignarfall.

Helstu forsetningar eru:

með þolfalli:	<b>um, gegnum, kringum, umfram, umhverfis</b> o.fl.
með þágufalli:	<b>frá, að af, hjá, úr, andspænis, ásamt, gagnvart, gegn, gegnt, handa, mót, móti, undan</b> o.fl.
með eignarfalli:	<b>til, auk, án, meðal, milli, millum, sakir, sökum, vegna, handan</b> o.fl.
Nokkrar forsetningar stýra bæði þolfalli og þágufalli:	<b>á, eftir, fyrir, í, með, undir, við, yfir.</b>

Forsetning stendur oftast næst á undan því fallorði sem hún stýrir. *Hann gekk yfir götuna.* Stundum bregður út af þessu. *Hann stóð fyrir aftan mig. Þess vegna kom ég.*

Forsetning getur stýrt falli á fleiri en einu orði. *Stína er í fallegum kjól.*

Forsetning ásamt fallorði sínu er nefnd einu nafni forsetningarliður. Forsetningar eru einu smáorðin sem stýra föllum ef frá eru talin nokkur atviksorð. Ef forsetning hættir að stýra falli, þ.e. fallorð hennar fellur brott, verður hún yfirleitt að atviksorði.

**Atviksorð (ao.)**

Atviksorð standa oftast með sögnum, lýsingarorðum og öðrum atviksorðum til frekari ákvörðunar. Atviksorð fallbeygjast hvorki né tíðbeygjast en hins vegar stigbreytast mörg atviksorð.

Helstu flokkar atviksorða eru:

Tíðaratviksorð:	<b>nú, þá, lengi, aldrei, alltaf, bráður, stundum, ávallt, ætíð</b> o.s.frv.
Staðaratviksorð:	<b>heim, hérna, hér, þarna, þar, upp, niður, hingað, fram, inn, út, víða, fjarri</b> o.s.frv.
Háttaratviksorð:	<b>vel, illa, svo, svona, þannig, mjög afar, lítt</b> o.s.frv.
Spurnaratviksorð:	<b>hvar, hve, hvenær, hvernig, hvert, hví, hversu</b> o.s.frv.

Þegar vafi leikur á hvort um lýsingarorð eða atviksorð er að ræða má oft skera úr um það með því að setja orð sem endar á **-lega** í stað vafaorðsins. Ef það er hægt þá er orðið atviksorð. Dæmi: Hann kemur fljótt (fljótlega).

Hvorugkyn lýsingarorða verður oft að atviksorði. Oft er þá örðugt að greina hvort um lýsingarorð eða atviksorð er að ræða. Hægt er að komast að því með því að breyta um

tölu fallorðsins eða setja orða af öðru kyni í stað þess sem fyrir er og athuga hvort vafaorðið lagar sig eftir fallorðinu sem stendur með því eða ekki. Dæmi: Hann málaði húsið **rautt**. Við breytum um tölu og segjum: Hann málaði húsin **rauð**. Í þessu dæmi er augljóst að vafaorðið er lýsingarorð vegna þess að orðið breytist um leið og fallorðinu er snúið í fleirtölu eða breytt er um kyn þess. Vafaorðið lagar sig að fallorðinu.

Þá má oft setja atviksorðin **vel**, **illa** og **mjög** í stað annarra atviksorða. Dæmi: Hann unni henni **heitt**. Við skiptum um orð: hann unni henni **mjög**. Hér er því heitt atviksorð.

Forsetningar eru einu smáorðin sem stýra föllum ef frá eru talin nokkur atviksorð. Yfirleitt verða atviksorð að forsetningum þegar þau stýra falli. Dæmi: Þeir tjölduðu **sunnan** árinna. Þær tjölduðu **neðan** túns. Frá þessu eru örfáar undantekningar. Atviksorð sem tákna nálægt og fjarlægt í tíma og rúmi stýra þágufalli. Dæmi: Það er **fjarri** mér. Nokkur atviksorð stýra eignarfalli. Dæmi: Haninn gól **árla** morguns.

Mörg atviksorð enda á **-lega**. Lýsingarorð sem enda á **-legur** í nf. kk. et. enda í sumum föllum á **-lega**. Ef orðið sem endar á **-lega** stendur með nafnorði er það lýsingarorð. Ef orðið sem endar á **-lega** stendur með sagnorði er það atviksorð.

Finndu smáorðin í eftirfarandi textabrotum og greindu þau í undirflokk.

Eyjarnar á Breiðafirði.

Þegar farið var út í eyjar var oft erfitt í steikjandi sólarhita að tína egg og dún. Þá sá ég hvað dýrðlegt það var að vera úti í náttúrunni með mörgum hundruðum af gargandi kríum.

Nytsamasta húsdýrið

Hænur eru fallegir fuglar. Þær eru búnar þannig til að aðrar hænur liggja á eggjum og unga þeim út. Hænan er líka vissulega nytsamasta húsdýrið vegna þess að það er hægt að borða hana áður en hún fæðist og eftir að hún er dauð.

Greindu öll orðin í eftirfarandi texta niður í orðflokka.

Maðurinn og líkamsbygging hans

Innan í manninum er beinagrind til að halda honum uppi. Beinagrind er í raun og veru maður sem vantar bæði húð og hár. Nauðsynlegt er að hafa hörundið utan um grindina til að halda manninum saman. Beinagrindin er klofin upp að miðju og maðurinn gengur á klofna endanum. Sá endi heitir fætur og á þeim er hlaupið. Þeir eru oft í buxum en orðið buxur er í eintölu að ofan en í fleirtölu að neðan. Tærnar eru það sem maðurinn rekur sífellt í.